

## 239. Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands

<b>Fundarefni:</b>	Skv. dagskrá fundar		
<b>Fundardagur:</b>	15.09.2014	<b>Fundartími:</b>	16.30 – 18.30
<b>Fundarstaður:</b>	Árskógar 8, Reykjavík	<b>Fundarritari:</b>	Kristján Oddur
<b>Fundarmenn:</b>	Sveinn Áki Sverrisson (SÁS), Kristján Ottósson (KO), Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Jón Guðmundsson (JG), Helgi Pétursson (HP), Birgir Hólm (BH) og Gunnar Sigurðsson (GS)		
<b>Forföll:</b>	Guðmundur Páll Ólafsson (GPÓ)		

1. Fundur settur.
2. Myndataka af stjórn.
3. Fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir við síðustu fundargerð.
4. Lagnakerfamiðstöð Íslands. Iðan hefur fengið leyfi fyrir því að nýta allan þann búnað sem þeir vilja úr Lagnakerfamiðstöðinni. Nú liggur fyrir að Iðan mun taka vatnsúðakerfið úr Lagnakerfamiðstöðinni. Þeir munu einnig taka Danfoss kerfið og bætt verður síðan við það. Málmfræðisvið Iðunnar hefur hins vegar hikað með að taka loftræsihlutann. Skýrist það fyrst og fremst að því hve loftræsisamstæðan er stór. Lagt er til að funda með sviðstjórn málm – og tækniherfa hjá Iðunni (Kristján Kristjánsson) um það mál. Reynt yrði að leita lausna til að fá loftræsibúnað til kennslu inn í Iðunna. SÁS mun kanna með að fá Karl Hákon, Friðbjörn í Stjórnumblikk og hugsanlega fleiri til liðs með okkur og hafa undirbúningsfund með stjórninni fyrir fundinn með sviðstjórn Iðunnar.
5. Lofsvert lagnaverk. Ákveðið hefur verið að veita viðbyggingu Lýsis í Reykjavík lofsvert lagnaverk í ár. Þeir sem hljóta viðurkenninguna í ár eru; Arkþing, VSB, EFLA, VSI, Ísloft, Blikksmiðurinn og Landslagnir.
6. Mannvirkjastofnun - „Úttektarhandbók“? Unnið hefur verið að skoðunarhandbókum innan Iðunnar. Þær eru að komast á það stig að fara í rýni. Það verður fundur í lok október með Byggingarfulltrúum til kynningar og JG stefnir á að sýna hönnuðum þetta í byrjun nóvember.
7. Framundan. Rætt var um framtíð Lagnafélagsins og hvert það stefnir og hverjum það þjónar. GS ræddi um að reyna að gera félagið sýnilegra með hjálp aðila sem sjá um innflutning búnaðar.
8. Önnur mál. Rætt um ýmis mál. Hugmynd kom með að útbúin yrði handbók fyrir pípulagnamenn með upplýsingum um festingar ofl. Rætt var um DS 428 m.t.t. stjórnstöðva brunaloka. SÁS vill að allir í stjórn setji eitthvað niður á blað að lágmarki einu sinni á ári. Fyrir liggur viljayfirlýsing um samstarf milli Lagnafélagsins og Mannvirkjastofnunnar.

Boðað verður til næsta stjórnarfundar síðar.